



## Stjórnarfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 20. september 2010

Mættir: Elísabet Kjartansdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Guðmunda Hergeirsdóttir, Guðmundur Þórðarson og Hulda Klara Hjaltadóttir.

1. Guðmunda tekur að sér að vera ritari FFA, gjaldkerastarfið verður í höndum Huldu og Halldóru.
2. Styrkbeiðni frá Jónínu Ágústsdóttur skólastjóra vegna leikrits frá Blátt áfram fyrir nemendur í 2.-5. bekk að upphæð 200 þúsund krónur. Samþykkt var í ljósi þess hve örðugt er að nálgast styrki um þessar mundir og vilji er að halda þessum sýningum áfram að veita 120 þúsund króna styrk. Styrkveiting vegna verkefnisins „Barn að láni“ verður tekið til umfjöllunar síðar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir. Guðmundur mun svara Jónínu.
3. Enn vantar bekkjarfulltrúa í 2.-3. bekk (fyrir utan Kópa), 6.-7. bekk í hóp Krumma, 8.-9. bekk allra hópa og í 10. bekk alla hópa. Elísabet mun taka að sér að finna bekkjarfulltrúa í 2.-3. bekk en Hulda í 8.-10. bekk. Ákveðið að halda fund með bekkjarfulltrúum 27. September kl. 20:00, Guðmundur mun útbúa póstlista á bekkjarfulltrúa og boða á fundinn.
4. Hulda mun uppfæra foreldrahandbókina.
5. Ákveðið að ritari taki saman skjal „Tillögur að breytingum“ þar sem safnað verður saman því sem betur má fara í foreldrahandbók og í lögum félagsins.
6. Ákveðið að að fela Fagráði að fjalla um og senda erindi vegna umferðaröryggis í grennd við skólann sem og skoða hvernig bæta megi lýsingu á skólalóð. Guðmunda mun senda málið á Fagráð.
7. Hulda ætlar að taka nokkur mál upp á Skólaráðsfundi t.d. notkun skóladagbókarinnar Skjatta, um nýtingu Portfolio möppu nemenda, hvernig samræma má heilsustefnu skólans betur að því starfi sem þar fram fer, matinn frá Skólamat og hvort möguleiki sé á kórstarfi innan skólans.
8. Dagskrá vetrarins, opnir félagsfundir settir fyrsta mánudag í mánuði fyrir utan desember og janúar og aðalfundur verður 16. maí 2011.

Fundi slitið.

Fundaritari: Guðmunda Hergeirsdóttir.